

## Trjágróður í Garðabæ

Garðabær hefur sett sér metnaðarfull markmið um trjágróður á lóðum íbúa, fyrirtækja, stofnana og opinna svæða. Markmið Garðabæjar er að verða gróðursæll og snyrtilegur bær. Til að slíkt megi verða er nauðsynlegt að garðeigendur og umsjónarmenn opinna svæða sinni umhirðu og viðhaldi trjágróðurs af álúð og með faglegum hætti.



### Umhirða trjá- og runnagróðurs

Seinni hluti vetrar og byrjun vors er yfirleitt talin henta vel til klippinga, m.a. þar sem greinabygging lauffellandi trjáa- og runnaplantna er vel sýnileg.

Segja má að klippingar séu flestum garðtrám og runnum nauðsynlegar til að þau þrífist sem best. Greinar sem eru dauðar, sjúkar eða hafa óæskilega vaxtarstefnu þarf að fjarlægja.



Einnig getur þurft að formklippa tré og runna í samræmi við ræktunartilgang og það rými sem til staðar er. Tré og runna við lóðarmörk, t.d. við gangstéttar þarf að klippa og forma þannig að gangandi komist leiðar sinnar og þjónustutæki geti ekið um hindrunarlaust.

Garðyrkjustjóri Garðabæjar gerir árlega úttekt á trjágróðri við lóðarmörk. Úttektin er gerð til að fyrirbyggja slys, tjón og ýmis óþægindi sem fylgt getur því að gróður vaxi út fyrir rými sitt.

Garðeigendur og umsjónarmenn opinna svæða þurfa einnig að hafa í huga að valda nágrönnum sínum ekki óþægindum vegna gróðurs á lóðarmörkum. Fjallað er um trjá- og runnagróður, m.a. staðsetningu og hæð, í byggingareglugerð nr. 112/2012, 68 gr. um gróður og frágang lóða. Einnig hefur Garðabær gefið út bæklinginn „Gróður á lóðarmörkum“.



Mikilvægt er að þeir sem framkvæma klippingu og aðra umhirðu trjá- og runnagróðurs, hafi til þess þekkingu og/eða sæki sér faglegar leiðbeiningar. Við klippingar myndast sár á greinum og/eða stofni sem valda hættu á sjúkdómum, streitu og vanþrifum. Trjá- og runnaplöntur þurfa því að geta lokað sárum, hratt og vel, til að fyrirbyggja sýkingu.

Lesið má um trjá- og runnaklippingar á vef Garðabæjar: [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

## Trjáfellingar

Hávaxnar trjátegundir frá norðurhjara jarðar hafa verið gagnlegar til uppgræðslu og skjólmyndunar á Íslandi, m.a. aspir, lerki og greni. Þessar tegundir hafa margar hverjar vaxið vel, sumar náð umtalsverðri hæð, allt að 25 metrum og myndað þannig gott skjól okkur til mikillar gleði og gagns. Hávaxin tré setja mikinn svip á götummyndina, skýla fyrir veðri og vindum, binda ryk, hækka meðalhita og skapa betri skilyrði til útivistar. Í skjóli þessara trjáa hafa aðrar „nýjar“ tegundir trjáa, sem áður var talið útlilokað að þrífust við okkar erfiðu aðstæður, vaxið upp og komið okkur skemmtilega á óvart.

Samhliða ofangreindu hefur hækkun trjáa valdið skerðingu á útsýni, rými og sólarljósi í görðum. Fremst í flokki þeirra trjáa sem valda slíkri skerðingu eru hinar afar harðgerðu alaskaaspir. Það er óumdeilt að vaxtahræði þeirra er mikill, rótarkerfið stórt og plássörfin oft mikil. Fram hafa komið ýmsar sögusagnir um ágengni og lífsþol aspa, margar stórlega ýktar.

Algengt er að stórvaxin tré standi í röðum, t.d. á lóðarmörkum, og þrengi að rými hvers annars. Í slíkum tilfellum getur verið nauðsynlegt að grisja, t.d. fella annað hvert tré, til að auka rými, birtu og/eða útsýni.



Öll tré hafa sinn líftíma sem er breytilegur á milli tegunda. Einnig geta sjúkdómar og vanþríf hrjáð trjágróður. Takmarkað vaxtarrými, bæði neðan- og ofanjarðar, veldur vandamálum gagnvart illa staðsettum trjágróðri, m.a. á lóðarmörkum.

Trjáfelling í görðum eru þ.a.l. óumflýjanleg en skal alltaf vera vel ígrunduð þar sem hún verður ekki tekin til baka. Leita má aðstoðar og faglegs álits hjá garðyrkjustjóra Garðabæjar.

Lesið má um trjáfellingar á vef Garðabæjar: [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

## Kollun trjáa

Svokölluð „kollun“ felur í sér lækun á stofntré, þ.e. efstu metrarnir eru sagaðir af trénu, yfirleitt vegna skuggamyndunar eða skerðingar á útsýni. Kollun veldur í öllum tilfellum skemmdum, sýkingu og að lokum dauða trésins. Ekkert tré getur lokað sári sem gengur lárétt yfir stofn trésins. Eftir kollun reynir tréð að mynda nýjan topp, í stað þess sem fjarlægður var. Algengt er að aspir myndi marga toppa, sérstaklega meðfram sárinu. Einnig er algengt að aspir myndi mikið af rötarskotum og greinavöxtur breytist, verði þéttur og óeðlilega lóðréttur. Kollun er því aldrei lausn á vanda, í besta

falli er hún frestun en yfirleitt veldur hún meiri vandræðum til lengri tíma lítið.



### Stýfing

Svokölluð “stýfing” er mun faglegri aðgerð og mikið notuð erlendis til að stýra vaxtarhæð trjáa. Í þessari vaxtarstýringu er klippt framan af grein / árssprota þegar búið er að ákveða endanlega lengd / hæð hennar. (Athugið að ekki er klippt eða sagað í stofn eins og í kollun). Klippingunni er fylgt eftir árlega eða oftár og í hvert skipti er klippt á sama stað. Þetta veldur því að tréð myndar mikið af hliðargreinum og eykur þéttleika. Aðferðin hentar alls ekki öllum trjátegundum en getur virkað vel á ýmsar grenitegundir sem og lerki og ösp en kallar á mikið og nákvæmt viðhald.



Standi menn frammi fyrir vandræðum vegna hávaxinna trjáa getur verið mjög gagnlegt að leita álits fagmanna, t.d. hjá garðyrkjustjóra Garðabæjar, varðandi heppilegar aðferðir.

*Lesið má um kollun og stýfingu á vef Garðabæjar: [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)*

**Munum að það sem tekur náttúruna mörg ár að byggja upp, getum við eyðilagt á nokkrum mínútum með illa ígrunduðum og ófaglegum vinnubrögðum.**